



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS SKUGGASUND 3 ENDURBÆTUR

SKILAGREIN

ÁGÚST 2014



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
0 INNGANGUR	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR	3
1.1 Lýsing framkvæmdar	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð	4
1.4 Áætlun um stofnkostnað	4
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	4
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	4
2.2 Framvinda	4
2.3 Eftirlit og úttektir	4
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR	4
3.1 Heildarkostnaður.....	4
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR	5
4.1 Árangur framkvæmdarinnar	5
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	5

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

0 INNGANGUR

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir endurbótum innanhúss í húsnæði Stjórnarráðs Íslands við Skuggasund 3, einkum á 4. hæð og í kjallara, sem framkvæmdar voru á árinu 2013.

Í húsnæðinu eru skrifstofur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Verkkaupi var forsætisráðuneytið.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Verkefnastjórar voru Jón H Ásbjörnsson og Ívar Már Markússon.



Skuggasund 3.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Breytingar og endurbætur voru gerðar í húsinu, einkum á 4. hæð og í kjallara hússins.

Á 4. hæð voru meðal annars settar upp nýjar innréttingar í eldhúsi, baðherbergi voru endurnýjuð og settir upp geymsluskápar í fundaherbergi.

Framkvæmdir í kjallara voru einnig töluverðar, þar voru meðal annars fjarlægðar vatnslagnir og raflagnir til að gera rýmið öryggara sem skjalarými.

1.2 Frumathugun

Um er að ræða framkvæmdir, annars vegar framkvæmdir vegna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í kjallara, á 3. og 4. hæð og hins vegar almennrar lagfæringar sem gera þarf, án tillits hver nýtir húsið.

Frumathugun var ekki unnin vegna smæðar verkefnis. Unnið var kostnaðarmat vegna flutninga og breytinga á húsnæði. Minnisblað var sent til verkkaupa þann 15. október 2012, þar sem heildarkostnaðarmat er sundurliðað.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Helstu breytingar á húsnæðinu voru gerðar á 4. hæð og í kjallara. Eldhúsinnrétting var rifin niður og hún endurnýjuð. Þakblásara var komið fyrir á þaki húsnæðis og gamlar raflagnir fjarlægðar á risi. Hönnun var unnin í janúar 2013.

Ráðgjafar

Helstu ráðgjafar Framkvæmdasýslunnar voru Arkiteó, VSO ráðgjöf og EFLA. Heildarupphæð samninga við ráðgjafa var 2.353.519 kr.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmdir við Skuggasund var 17.800.000 kr.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Gerð var verðkönnun á meðal fimm verktaka í verkið og skiluðu þrjú þeirra inn tilboði. Niðurstöður verðkönnunar voru eftirfarandi:

Niðurstöður	kr.	hlutfall
HH Trésmiðja ehf.	10.759.689	80,6%
Sérverk ehf	11.102.405	83,2%
Viðmið ehf	11.219.609	84,1%
Kostnaðaráætlun	13.336.160	100,0%

Þann 21. janúar 2013 var tilboði HH Trésmiðja ehf. að fjárhæð 10.759.689 kr. með vsk. tekið sem var 80,6% af kostnaðaráætlun framkvæmda. Gerður var skriflegur samningur um verkið í framhaldi af því.

2.2 Framvinna

Framkvæmdir við verkið hófust 22. janúar með rífi á eldhúsinnréttingu, lögnum og gólfefnum á 4. hæð. Rif á raflögnum og vatnslögnum í kjallara fór fram í febrúar. Að því loknu var smíði innréttinga hafin og lagnavinna við salerni á 4. hæð.

Verkframkvæmdum lauk í maí 2013.



Niðurrif lagnastokka og raflagna í kjallara.

2.3 Eftirlit og úttektir

Framkvæmdir tókust í alla staði vel og gæði verks hafi orðið eins og að var stefnt. Góð samskipti voru milli verktaka og eftirlits.

Eftirlit með framkvæmdum hafði Ívar Már Markússon, verkefnisstjóri hjá Framkvæmdasýslu ríkisins.



Flísalögn salerna á 4. hæð.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR

3.1 Heildarkostnaður

Heildarkostnaður verksins nam samtals 23.032.755 kr. samanborett við áætlaðan heildarkostnað að fjárhæð 17.800.000 kr. Kostnaður umfram áætlun varð því um 5,2 m.kr. eða tæp 30%.

Í heildarkostnaði er innifalin ráðgjöf, hönnun, umsjón og eftirlit. Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR

4.1 Árangur framkvæmdarinnar

Framkvæmdir tókust ágætlega, verkið var vel unnið og óhætt er að segja gæði verks hafi orðið eins og að var stefnt.

Verktilboð var hagstætt, viðbótar-/ aukaverk voru nokkur sem skýra nokkra aukningu í heildarkostnaði verksins. Helstu viðbætur og aukaverk voru ný rafmagnstafla á 4. hæð, asbest niðurrif og breytingar á innréttingum.

Verkefnastjóri FSR átti góð samskipti við verktaka.

Niðurstaðan í heild er því að verkið hafi tekist vel.



Eldhús á 4. hæð fullbúið.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Óskar Valdimarsson, forstjóri